



Margrét Tryggvadóttir


Strákar í krisu

Börn og menning
1.tbl. 2006, 21. árg.

se að eiga morgæsamómmu eða fílamómmu en sér vankantana á mæðrum úr dýrarkinu. Þess vegna er lausnir á þessu raunverulega vandamáli kannski full ódýr þegar það léysist af sjálfu sér. Einhver besta bók sem skrifuð hefur verið um systkinakrisuna er *Ég vill líka eignast systkin* eftir Astrid Lindgren og þótt samanburður við einn besta barnabókahöfund fyrir og síðar sé kannski ósanngjarn þá sýnir sú bók að hægt er að kafa mun dýpra og nauðsynlegt er að skoða málíð frá fleiri en einni hlið eigi bókin að hjálpa bárinu sem lesið er fyrir að sætta sig við breyttar aðstæður. Verkið er þó bæði fallegt og skemmtilegt og óhætt að mæla með því.


Gott kvöld

Gott kvöld eftir Áslaugu Jónsdóttur er verulega flott bók. Vinur okkar á kápunni segir söguna sjálfur. Á fremri saurblöðum geta þau okkar sem kunna á klukku séð að hana vantar tíu mínútur í átta og á þeim aftari er klukkan átta. Sögutíminn er því tíu mínútur. Sagan segir frá því þegar pabbi rétt skreppur að sækja mómmu og strákurinn er einn heima í fyrsta skipti sem er auðvitað stór áfangi í lífi hvers barns. Sér til halds og trausts hefur hann bangsa en lítil hjálp er í honum því „[b]angsi hugsar um þjófa og vofur og myrkur og skrýtin hljóð. Bangsi vill alls ekki vera einn heima.“ Ýmsar skrátnar verur eins og hungurvofan, tímaþjófurn, öskurapinn og hrekkjusvínið koma í heimsókn (látum liggja milli hluta hvort þau eru ímyndun stráksins, bangsa eða hreinlega til í raun og veru) og til að halda friðinn slær stráksi upp veislur. Snilldin í sögunni felst í því að Áslaug persónugerir ýmis myndraen hugtök eins og hrekkjusvínið (sem eru auðvitað alvöru svín), óþekktarorma (sem eru snákar) og leiðindaskjóðuna (sem er hvorki meira né minna en handtaska). Með því að gera merkingu hversdagslegra



Ég veit að nō þarf ég að vera sallarlöger.
Svo ég byrja að telja vobalega hægt og
rôlegr: „Inn, tveir, þrír, sjó, fimmtíð ...“
Ég gef þeim sextíu og fjórar rásinum!
Við teljum þær tvívars svo allir fai jafnt.
Þá lofa þeir að vera þægir og hijðör
og við heilum glæði!

*Gott kvöld, Hávaðaseggur,
gott kvöld, Ólátabelgur,
gott kvöld, Öskurapill*



hugtaka bókstaflega vekur hún athygli á tungumálinu og hvetur lesendur jafnfram til að velta fyrir sér fleiri orðum og reyna að áttig á uppruna þeirra.

Í bókinni er leikið með mörk óttans, myndirnar eru fremur drungalegar en hlýir litatónar umlykja stráksa svo við vitum að honum er óhætt enda stenst hann hverja heimsókn með glæsibrag. Allt endar þetta vel, strákur fer í bólíð þegar mamma og pabbi koma heim og verurnar læðast út. Stráksi sofnar (enda slapp svefnþurkan inn til hans) og eftir standa foreldrarnir sem skilja ekkert í veisluföngunum sem eru út um allt eldhús. Sem fyrir nýttir Áslaug myndabókaformið til hins ýtrasta svo úr verður falleg heild. Kápan og saurblöðin mynda sérheim. Á kápu birtast verurnar sem forvitnilegar skuggamyndir en krakkar hafa gaman af að rýna í þær og para skuggana við réttar verur. Á saurblöðum er klukkan sem áður hefur verið vikið að og orðalaus for- og eftirmáli sögunnar. Við sjáum pabba kveðja strákinn sinn og foreldrana velta vöngum þegar heim er komið.

Umbrotið er smekklegt og eins og í ýmsum fyrri verkum sínum leggur Áslaug áherslur á hluta textans með leturbreytingum. Slíkt er vandaverk að gera svo vel fari en tekst hér fullkomlega.

Í þessari bók gengur allt upp og myndir og texti ættu að höfða bæði til barna sem lesið er fyrir og ekki síður foreldra sem alltof oft þurfa að lesa leiðinlegar bækur fyrir börnini sín. Hér leiðist engum.

Þverúlfssaga grímma

Þverúlfssaga grímma eftir Þorgerði Jörundsdóttur sigræði í samkeppni Æskunnar um myndskreytta barnabók fyrir unga lesendur. Texti þessarar bókar er lengri en í hinum en hún á bó meira sameiginlegt með myndabókum fyrir ólæs börn en bókum sem krökkum er ætlað að lesa sjálfum. Myndir gegna stóru hlutverki, auk þess sem í textanum er rim og ákveðinn rytmi sem nýtur sín ekki nema í upplestri fullorðinna eða annarra þjálfanda lesenda.

Hér er enn einn strákurinn í aðalhlutverki en í aukahlutverkum eru systkini, foreldrar og leikföng. Myndirnar eru ljósmyndasamklipp og fyrirsæturnar fjölskylda höfundar. Strákurinn er í sjálfstæðisbaráttu, vill hvorki graut né ullarsokka og kállar sig Þverúlf grímma. Til þess að fá frið fyrir umhyggju foreldra sínna, systkinum og öðrum boðberum mannsiða heldur hann út í geim á páppageimfari þar sem draugageimverur og risaeðludrekar ráða ríkjum. Úti í geimnum temur Þverúlfur geimveruskrimslin en finnur að hann getur ekki treyst þeim og að þau muni sennilega éta hann eftir hann sofnar. Hann leggur því sjálfstæðisbaráttuna á hilluna, alla vega um stundarsakir, og snýr heim á leið í siðmenninguna, leyfir pabba að hlýja tásunum og klæða sig í ullarsokka og mórmumu að fylla magann af mat, aður en hann heldur lúnn í háttinn. Bókin sver sig nokkuð í ætt við hina klassísku *Where the wild things are* eftir Maurice Sendak en áhrifa þaðan gætir bæði í söguþræði og rytma í textanum. Úrvinnslan er þó með allt örðrum hætti.

Hugmyndin að þessu verki er frábær. Sagan